

Skólaráðsfundur 18. nóv. 2014

Mætt eru Steinunn Snædal, Jón Steinar Elísson, Þórey Eiríksdóttir, Ingunn Snædal og Stefanía Malen Stefánsdóttir.

Fyrsta mál: Stundatöflur og nemendafjöldi. Stefnt er að því að gera stundatöflur opnar og flæðandi, þematengja vinnu og hætta að niðurnjörva námsgreinar í afmarkaða kassa í töflu. Þetta er í takt við áherslur nýrrar aðalnámskrár, og lykilhæfnipættina.

Hér eru nú 39 nemendur núna, byrjuðu 34 í haust en hafa bæst við fimm nýir nemendur síðan. Einn enn kemur á leikskólann eftir áramót.

Annað mál: Framkvæmdir. Fyrir þremur árum var orðið margt ansi lélegt í skólabyggingunni sjálfri. Sveitarfélagið hefur staðið sig ágætlega í viðhaldinu og búið er að laga ýmislegt. Nú síðast var ein kennslustofan tekin í gegn komplett, gluggar, veggur, hún máluð, og í leiðinni eðlisfræðikompan gerð upp. Búið er að skipta um ljós í tveimur stofum og fleiri á dagskrá. Búið er að samþykkja að gera skýli utan um ruslagámana. Sömuleiðis að setja upp kaðlabraut í íþróttasalnum og færa girðinguna við leikskólann aðeins til að þau nái í smá sól.

Búið er að gera rosalegt átak í lekamálum, margt hefur lagast, en þó lekur enn á nokkrum stöðum eftir mjög miklar rigningar. Þetta er framhaldssaga.

Þriðja mál eru hin sískemmtilegu fjármál. Staðan á þeim er þannig að það sleppur kannski réttu megin við núllið fram að áramótum, ef skólastýran heldur vel á spöðunum, það verður enginn afgangur til neins.

Búið er að samþykkja fjárhagsáætlun fyrir næsta ár alls staðar þar sem þess þarf. Launaliðurinn mun hækka um ein 15% milli ára, vegna nýrra kjarasamninga kennara. Örlitlar breytingar hafa orðið á hlutfallsvinnu almennra starfsmanna, svo er sérkennari kominn inn hálfsmánaðarlega, en litlar breytingar á kennaraliðinu.

Líklegt að við förum um það bil hálfa milljón fram úr kostnaði á rafmagni og olíu. Það er mikill áhugi hjá okkur að fá t.d. varmadælu í íþróttahúsið, en það hefur ekki orðið að neinu enn sem komið er.

Næsta mál er svo blessaður Grænfáninn okkar. Við þurfum að sækja aftur um hann í vetur. Ákváðum að það væri meira gaman að sækja um hann eftir áramót (í febrúar), fá úttekt í mars og (vonandi) flagga fánanum í vor. Verið er að vinna með þemað VATN.

Þá er komið að næsta máli: Heimasíða og skólanámskrá. Sumsé komin ný heimasíða í loftið, smám saman verið að tína inn það sem þangað á að fara. Erum að vinna skólanámskrána og setjum hana inn í köflum. Allir kennarar komnir með aðgang til að setja inn og byrjaðir að setja inn fréttir og dót.

Sjötta mál: Kannanir og skýrsla síðasta árs. Skólastýra reifaði niðurstöður matskannana sem eru að flestu leyti í mjög góðu lagi. Við vildum samt gjarnan skora hærra í mataræði nemenda sem er ekki nógu gott fyrir utan skólann, og einnig er of mikið um særandi tal og baktal að okkar mati. Við munum gera áætlun og vinna í þessum þáttum í framhaldinu. Mataræði verður t.d. tekið fyrir í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli og spennandi að sjá hvernig það gengur.

Í grundvallaratriðum koma kannanirnar vel út, við erum við meðaltal og yfir því í flestöllum þáttum. Skólinn skorar svo ótrúlega hátt í hreyfingu. Spurningarnar sem liggja þar að baki snúa mikið til að því hvernig barninu líði þegar það hefur hreyft sig og tekið á. Þau eru greinilega mjög ánægð með hreyfinguna sem þau taka þátt í og eru jákvæð í garð hreyfingar.

Sjöunda mál: Tölvumál. Við hentum út sýndartölvukerfinu frá Nýherja og fengum okkur fimm borðtölvur. Við þurfum að skoða hvað á að setja peninga í næst, fleiri spjaldtölvur, fleiri borðtölvur ... góða tölvu fyrir klippiforrit?

Áttunda mál: Úttekt á skólanum. Bæjarstjórnin er búin að samþykkja að fá einhverja frá Miðstöð skólaþróunar á Akureyri til að taka út starfsemi skólans. Við vitum ekkert meira um þetta mál, en þetta kemur væntanlega í ljós. Það er fundur hjá skólastjórum eftir helgi, þá verður þetta áreiðanlega rætt.

Önnur mál:

Í upphafi fundar kom Svarti Benni og athugaði málin í fylgd skólastýru varðandi að það stendur til að grafa tjörn á skólalóðinni. Framkvæmdir eiga að hefjast ekki seinna en á morgun (19. nóv).

Heilsueflandi skóli: Við höfum verið eitthvað róleg í tíðinni varðandi þetta verkefni. Ætlum að halda áfram með forvarnir í vetur, og skipta svo um viðfangsefni næsta vetur, í takt við Grænfánaskiptingar.

Skólastýra var á fundi í gær um þriðju kynslóð Mentor-kerfisins – búið er að búa niður aðalnámskrána, kerfið á að vera opnara, gagnvirkara, og bjóða upp á fleiri möguleika til verkefnasköpunar, skila og þátttöku nemenda og kennara. Þessi uppfærsla á að fara í gang í janúar 2015 og verða allir fegnir.

Færeyingarnir okkar koma í heimsókn í apríl og ætla að gista hér í nokkrar nætur. Við ætlum að senda enn eina ferðina umsókn í Nordplus – sjáum til hvort þeir voga sér að hafna okkur eina ferðina enn. Svo erum við að fá Seyðfirðinga í heimsókn. Seyðisfjarðarskóli ætlar að koma hingað í tveimur hollum til að kynna sér skólastarf hér.